

Nd.

79. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Gjaldskrá þá, sem um getur í 4. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, heimilast landsstjórninni, með ráði landlæknis, að hækka um helming (100 %), eða því sem næst yfirleitt.

2. gr.

Borgun sú til hjeraðslækna fyrir læknisferðir, sem ákveðin er í 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, skal hækka um helming (100%).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn, meðan landssjóður veitir dýrtíðaruppbót á launum embættis- og sýslunarmanna sinna.

Greinargerð.

Meiri hluti fjárveitinganefndar hefir tekið að sjer að flylja frv. þetta að tilhlutun stjórnarinnar, til þess að spara tímatöf þá, sem á málinu hlaut að verða, ef það hefði verið lagt fyrir sem stjórnarfrv. En stjórn Læknafjelags Íslands sendi landsstjórninni brjef, og biður hana að flylja frv., sem fari i þessa átt. Í brjefi þessu lýsir stjórn Læknafjelagsins nauðsyn þess að bæta til bráðabirgða þann hluta launa hjeraðslæknanna, sem þeim er ætlaður i borgun fyrir læknisverk og ferðir.

Brjef þetta, ásamt áliti landlæknis, er prentað sem fylgiskjöl með frumvarpinu, og nægir því að visa til brjefa þessara til frekari greinargerðar.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 9. apríl 1918.

Stjórn Læknafjelags Íslands leyfir sjer hjer með virðingarfylst að fara þess á leit við stjórnarráð Íslands, að það leggi fyrir komandi Alþingi lagafrumvarp um bráðabirgðahækkun á borgun fyrir læknisverk hjeraðslækna, sem svari til þess, sem nauðsynjavörur hafa hækkað i verði síðan styrjöldin hófst, og þá væntanlega eigi minni en 100%.

Ástæður vorar fyrir þessari málaleitun eru þessar:

1). Þótt læknum, sem öðrum embættismönnum, hafi verið veitt dýrtíðaruppbót á föstu laununum, þá nær hún aðeins til nokkurs hluta af tekjum þeirra. Hinn afarlági taxti á öllum verkum lækna hefir haldist óbreyttur, en öll sanningirni mælir með því að uppbót fengist á honum, engu síður en föstu laununum. Aukatekjur lækna hafa því rýrnað stórkostlega, jafnframt því sem peningar fjellu i verði.

2). Oss er kunnugt um það, að hagur hjeraðslækna gerist nú mjög þröngur, er bæði voru tekjur þeirra flestra mjög rýrar áður en ófriðurinn skall yfir, og dýrtíð hefir aukist fram úr hófi með hverju ári síðan, án þess að sjeð verði fyrir enda á henni.

3). Að vjer höfum ekki miðað uppbót á borgun fyrir læknisverk við sama hlutfall og dýrtíðaruppbót þá, sem Alþingi veitti embættismönnum, stafar bæði af því, hve lág hún er og sjerstaklega af því, að borgun sú, sem ákveðin er með lögum 16. nóv. 1907 og gjaldskrá fyrir hjeraðslækna, dagsettri 14. febr. 1908, er svo afarlág.

Hvað borgun fyrir læknisferðir snertir, þá er nú læknum goldið miklu minna en óbrotnum fylgdarmanni, 3: 30 aurar um klukkustund að degi, en 50 au. að nóttu. Til samanburðar má nefna ferðataxta norsku læknanna frá 1909:

»Sjúkravitjun alt að 1 km. frá heimili læknis	4,00 kr.
— — — 5 — — —	5,00 —
— — — 7 — — —	6,00 —
— — — 8,5 — — —	7,00 —
— — — 10 — — —	8,00 —

Ef lengra er farið, þá 2 kr. fyrir hverja 5 km. Flutningur ókeypis.
Næturtaxti 30--50% hærri«.

Íslenskir læknar fá því 30 auru fyrir sömu vegalengd, sem norskir læknar fá 7—8 kr. fyrir, og er þó í ráði að hækka norska taxtann að miklum mun. Og þó eru hin föstu laun norsku læknanna miklu hærri en íslensku launin. Föstu launin voru frá 3000 kr. (klasse I b) til 1200 kr., en 3 launahækkanir fylgdu, 200 kr. í hvert sinn, en nú er ráðgert að hækka þau, svo að þau verði 5000—2000 kr. (byrjunarlaun).

Um gjaldskrá hjeraðslækna er svipað að segja. Hvað allra ríflegust er borgunin fyrir skoðun sjúklinga 5 fyrstu sinnin, 3: 1 kr. Í Noregi er hún borguð með 2—3 kr., og á nú að hækka upp í 3—5 kr. (fyrsta skoðun).

Að sjálfsögðu ber brýna nauðsyn til að endurskoða þessi ákvæði öll og breyta þeim. En vjer gerum ráð fyrir, að stjórn og Alþingi sjeu ef til vill ófús á það, meðan launamálið er ekki tekið fyrir í heild. Auk þess teljum vjer sjálfsagt, að læknastjettinni gefist kostur á að láta álit sitt í ljós á þessu máli á almennum læknafundi, sem væntanlega verður haldinn sumarið 1919. Vjer höfum því eigi treyst oss til að fara fram á annað en bráðabirgðauppþót á gildandi töxtum, meðan sú dýrtíð helst, sem nú stendur yfir.

Virðingarfylst.

Guðm. Hannesson. G. Magnússon. Sæm. Bjarnhjeðinsson.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal II.

LANDLÆKNIRINN.

Reykjavík, 23. apríl 1918.

Með brjefi, dagsettu 12. þ. m., hefir hið háa Stjórnarráð beiðst þess, að jeg láti í tje álit mitt og tillögur um hjer með fylgjandi erindi frá Læknafjelagi Íslands, um hækkun á borgun fyrir læknisverk hjeraðslækna.

Fyrst er þá að geta þess, að Læknafjelag Íslands er nýstofnað (í janúar þ. á), og veit jeg, að flestallir hjeraðslæknar landsins hafa þegar gengið í það fjelag, ásamt því nær öllum öðrum læknum á landi hjer. »Tilgangur fjelagsins er« — segir í lögum þess — »að efla hag og sóma íslenskrar læknastjettar, samvinnu

meðal lækna í heilbrigðismálum þjóðarinnar og glæða áhuga lækna fyrir öllu, er að starfi þeirra lýtur.«

Stjórn fjelagsins sneri sjer fyrst til min sem landlæknis með þetta mál-efni, sjálfsgagt af því, að það er meir en kunnugt, að hjeraðslæknar hafa hingað til ekki átt annan málsvara en landlækni, og það tíðum bakað embættisstarfi hans mörg óþægindi að verða að taka það upp hjá sjálfum sjer að halda fram rjettmætum hagsmunakröfum hjeraðslækna gagnvart þingi og stjórn. Þess vegna svaraði jeg málaleitun Læknafejagsins á þann hátt, að nú bæri stjórn þess fejags að sjálfsgöðu að bera upp óskir og kröfur hjeraðslæknastjettarinnar, svo að landlæknir gæti látið þar til sin taka á þann eina rjetta hátt, sem yfirmaður heilbrigðismála landsins og ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum.

Að svo mæltu sný jeg mjer að erindi Læknafejagsins. Þar er farið fram á, að stjórnarráðið leggi fyrir »komandi Alþingi lagafrumvarp um bráðabirgða-hækkun á borgun fyrir læknisverk hjeraðslækna, sem svari til þess, sem nauðsynjavörur hafa hækkað í verði, síðan styrjöldin hófst, og þá væntanlega eigi minni en 100%.« Er þar átt við hvorttveggja, tímaborgun til hjeraðslækna á ferðum þeirra, samkv. 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, og líka þá borgun, sem þeim ber fyrir læknisverk, samkv. gjaldskrá fyrir hjeraðslækna, 14. febr. 1908. Sú gjaldskrá er sett samkv. 4. gr. nefndra laga. En sú grein er þannig orðuð, að gjaldskráin verður ekki hækkuð neitt að mun án nýrrar lagabeimildar.

Þá vil jeg geta þess, að löngu áður en stríðið hófst varð jeg var við mikla óánægju hjeraðslækna um land alt yfir því, hvað þeir fá ferðir sínar illa borgaðar. Og mjög víða sögðu hjeraðslæknar mjer, að alþýða manna telði þetta smánarborgun — 30 aurar fyrir hverja klukkutímaferð —, svo að allur þorri manna borgaði læknum miklu meira fyrir ferðir þeirra en lögin tiltaka.

Hins vegar voru hjeraðslæknar þá yfirleitt allánægðir með þá borgun, sem þeir fengu fyrir læknisverk sín samkvæmt gjaldskránni.

Þetta er ofureðlilegt. Ef litið er á kjör norskra hjeraðslækna, hvað þeir fá fyrir ferðir sínar og læknisverk, þá má sjá, að hlutfallið er alt annað. Ef norskur hjeraðslæknir t. d. vitjar sjúklings, sem á heima 30 rastir frá heimili læknisins, þá fær hann 8 kr. fyrir fyrstu 10 rastirnar og 2 kr. fyrir hverjar 5 rastir, sem við bætast, og því 16 kr. fyrir ferð til sjúklings í 30 rasta fjarlægð. Hjer á landi fara venjulega 8—10 tímar í jafnlanga ferð; en hjer fær læknir þá ekki nema 2 kr. 40 aur. til 3 kr. fyrir ferðina, sem sje hjer um bil $\frac{1}{5}$ — $\frac{1}{7}$ af þeirri borgun, sem norskur hjeraðslæknirinn fær. Fyrir að vitja sjúklings (skoðun og ráðlegging) fjekk norskur hjeraðslæknirinn áður 2—3 kr., sá íslenskur 1—2 kr. (sbr. 3. gr. A í gjaldskránni). Þar er því munurinn margfalt minni, þótt mikill sje.

Af framangreindum ástæðum get jeg ekki fallist á tillögu Læknafejagsins um jafnmikla hækkun á borgun fyrir læknisferðir og læknisverk. En að öllu öðru leyti tel jeg þessa málaleitan á fullum rökum bygða, og mæli eindregið með því, að hún verði tekin til greina. Legg jeg því til og leyfi mjer að fara þess á leit, að hinu háa Stjórnarráði megi þóknast að hlutast til um það, að ákveðin verði með lögum dýrtíðarhækkun á borgun fyrir læknisferðir og læknisverk, þannig, að sú borgun, sem ákveðin er í 5. gr. laga nr. 34, 1907, verði hækkuð

um 150%, en öll gjöld fyrir lækniwerk, samkvæmt gjaldskrá 14. febr. 1908,
verði hins vegar ekki hækkuð nema um 50%.

G. Björnson.

Til Stjórnarráðsins.